

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 798/2014, um gildistöku reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1052/2012 frá 25. október 2012, um evrópska
stöðlun.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á grundvelli ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2014 frá 14. febrúar 2014 og nr. 170/2025 frá 11. júlí 2025 gilda eftirtaldar ESB-gerðir hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka við EES-samninginn um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2480 frá 14. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 að því er varðar ákvarðanir evrópskra staðlastofnana varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2480 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 25. september 2025, bls. 204.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2025 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69, 6. nóvember 2025, bls. 15.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 19. febrúar 2026.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Steindór Dan Jensen.